

## STEFNUMÓTANDI FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

### Í BARNAVERND ÁRIN 2007 - 2010

#### Forvarnir

Forvarnarhópur hefur þegar verið myndaður. Markmið hópsins er að stuðla að jákvæðu og heilbrigðu líferni unglunga á þjónustusvæðinu. Í hópnum er forvarnarfulltrúi hjá Félagsþjónustu Norðurbings, æskulýðsfulltrúi, fulltrúi frá lögreglu, félagsmálastjóri, umsjónarmaður félagsmiðstöðva og forvarnarfulltrúi framhaldsskólans á Húsavík. Hópurinn hittist mánaðarlega og fylgist með þróun mála hjá unglungum á þjónustusvæðinu. Hann stuðlar að jákvæðum samskiptum og samveru barna og unglunga við foreldra þeirra. Hópurinn stuðlar jafnframt að fræðslu fyrir unglunga, t.d. um skaðsemi vímuefna, tölvunotkun, óábyrgan akstur, átraskanir og óábyrgt kynlíf.

Óábyrgt og ótímabært kynlíf er ein birtingarmynd áhættuhegðunar unglunga. Stuðlað verði að samstarfi við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga um aukna þjónustu við unglunga, t.d. opinn síma með beinu númeri ætluðum unglungum fyrir ráðgjöf varðandi öruggt kynlíf og fleira sem tengist því. Jafnframt verði getnaðarvarnir gerðar aðgengilegar fyrir unglunga, þannig að þeir geti nálgast getnaðarvarnir á auðveldan hátt, t.d. í sjálfsafgreiðsluvélum á kostnaðarverði. Grunnskólum á þjónustusvæðinu verði boðið upp á að gefa nemendum sínum í unglingadeild kost á að fá dúkku yfir eina helgi sem þarf að annast eins og barn (grætur, þarf að gefa, skipta á o.s.frv.).

Viss tímamót verða í fjölskyldum þegar börn þeirra hefja nám í grunnskóla eftir að leikskólaveru lýkur. Tilvalið er að ná til foreldra á þeim tímamarki með forvörnum sem geta falist m.a. í því að fræða þá um mikilvægi þess að góð regla sé haldin á heimilinu varðandi matartíma, svefntíma og frístundir. En slíkt er grunnurinn að því að börn séu upplögð til náms. Næringarráðgjöf um mataræði og tillögur að hollu og góðu nesti ætti einnig heima í slíkri fræðslu. Jafnframt séu foreldrar fræddir um nám barna sinna bæði bóklegt og verkegt og félagsfærni. Stefnt verði að því að bjóða grunnskólum á þjónustusvæðinu að bjóða foreldrumbarna í 1. bekk, 5. bekk og 8. bekk upp á foreldraskóla. Foreldrar eigi þannig kost á að sækja foreldraskóla þrisvar sinnum veturinn sem börn þeirra eru í ofantöldum bekkjum. Markmið með foreldraskólanum verði þrjúþætt.

- Í fyrsta lagi að auka foreldrahæfni og stuðla að jákvæðum námsárangri og betri líðan barnanna.
- Í öðru lagi að stuðla að auknum samskiptum milli foreldra skólabarnanna og leggja þannig línur að góðu samstarfi þeirra í foreldrahlutverkinu í framtíðinni.
- Í þriðja lagi að leggja grunninn að uppbyggilegum tengslum og samstarfi milli foreldra annars vegar og skólans hins vegar. Stefnt verði að því að foreldraskólinn verði í fyrsta skipti veturinn 2008 – 2009 fyrir foreldra 6 ára barna.

Félagsþjónusta Norðurbings – Félagsmála- og barnaverndarnefnd Þingeyinga  
Samþykkt hjá Sveitarstjórn Norðurbings 16.09.2008.

Til þess að unnt sé fyrir foreldra að sinna foreldrahlutverki sínu þurfa þeir stuðning, óformlegan og formlegan. Óformlegur stuðningur felst í stuðningi ættingja og vina, t.d. við barnapössun og heimilisstörf. Formlegur stuðningur felst í stuðningi samfélagsins t.d. í formi leikskólavistar og fjárhagslegs stuðnings í formi vaxtabóta, húsaleigubóta og barnabóta svo dæmi séu tekin. Mikilvægt er einnig fyrir foreldra og börn þeirra að hafa aðgang að gæslu eftir skóladag. Einnig að eiga vöð á uppbyggilegum námskeiðum á sumrin. Sveitarfélögin munu tryggja að skólagæsla verði í boði og reynt verði að fá fagfólk til að sinna þeirri gæslu, t.d. tómstundafræðing. Hið sama gildi um námskeið fyrir börn á sumrin.

Þegar leikumhverfi barna er þeim hættulegt, má segja að um samfélagslega vanrækslu sé að ræða. Mikilvægt er því að stuðla að auknu öryggi í umhverfi. Úttekt verði gerð á slyshættum á þjónustusvæðinu út frá reynsluheimi barna ( t.d. klettasvæði, fótboltamörk, grjótvargarðar og skurðir) á svæðinu á árunum 2009-2010 í samvinnu við Björgunarsveitir og Slysavarnarfélögin. Jafnframt stuðla að því að allir þungaflutningar fari úr miðbæ Húsavíkur.

Sum börn eiga erfitt með félagsleg samskipti, lenda í sífelldum ágreiningi eða eru mjög feimin og draga sig í hlé. Í sumum tilfellum getur verið um afleiðingar af vanrækslu eða ofbeldi forsjáraðila að ræða, en í öðrum tilfellum um líffræðilega þætti (t.d. feimni) sem umhverfið hefur haft lítil áhrif á. Einnig getur verið um samvirkni erfða og umhverfis að ræða í þróun félagsfærni eða skorts á henni. Rannsóknir sýna að slök félagsfærni er einn áhættuþáttur þess að verða gerandi í kynferðisafbrotum síðar meir. Auk þess getur slök félagsfærni hamlað börnum mjög frá eðlilegum samskiptum við jafnaldra. Því er mikilvægt að bjóða upp á félagsfærniþjálfun fyrir þau börn í skólum. Stefnt er að því að bjóða börnum á skólaaldri sem þess þurfa með upp á félagsfærni námskeið leidd af fagaðilum ef þeir eru til staðar í skólunum (s.s. félagsráðgjöfum, námsráðgjöfum eða iðjuþjálfum) frá og með hausti árið 2010.

Rannsóknir sýna fylgni milli þess að stunda tómstundastarf og halda sig frá áhættu hegðun. Mikilvægt er að börn og unglingar hafi möguleika á fjölbreyttri, uppbyggilegri tómstundaiðju og hreyfingu. Því er mikilvægt að stuðla að því að börn og unglingar stundi uppbyggilegar tómstundir, s.s. íþróttir eða tónlistarnám. Boðið verður upp á að börn og unglingar upp að 18 ára aldri eigi kost á að stunda tómstundir með styrk frá sveitarfélaginu, allt að 10.000 kr. á ári fyrir hvert barn undir 18 ára aldri, (hefur þegar verið samþykkt af einu sveitarfélagi á þjónustusvæðinu) frá og með hausti 2009. Það húsnæði sem félagsmiðstöðin er nú staðsett í, í Norðurbingi er óviðunandi (aðstaðan í íþróttahúsi). Því verði stefnt að því að starfssemi hennar flytjist í hentugra húsnæði á árinu 2009.

Rannsóknir sýna að nokkur fylgni er milli þess annars vegar að börn séu lögð í einelti og hins vegar að um misbrest í aðbúnaði þeirra sé um að ræða (vanræksla eða ofbeldi). Þannig eru börn sem eru vanrækt

Félagsþjónusta Norðurbings – Félagsmála- og barnaverndarnefnd Þingeyinga  
Samþykkt hjá Sveitarstjórn Norðurbings 16.09.2008.

eða beitt ofbeldi á heimili sínu líklegri til að verða fyrir einelti. Því er afar mikilvægt að skólar geri hvað þeir geta til að draga úr einelti og draga úr líkum á því að einelti sé beitt. Stefnt er að því að tekið verði markvisst á eineltismálum á þjónustusvæði Félagsþjónustu Norðurbings. Nú þegar er Olweus aðgerðaáætlun gegn einelti í gangi í fjórum grunnskólum af tíu á þjónustusvæðinu (Borgarhólsskóla, Grunnskóla Skútustaðahrepps, Grunnskólanum á Þórshöfn og Grunnskólanum á Raufarhöfn). Í henni felst fræðsla um einelti og að taka á einelti með markvissum hætti á mismunandi stigum þess. Skólar á þjónustusvæðinu verði hvattir til að taka upp aðgerðaáætlun gegn einelti í þeim skólum sem það hefur ekki þegar verið gert, á árunum 2009 – 2010.

Aðgerðaáætlun varðandi ofþyngd barna verði sett á laggirnar á árinu 2010. Ofþyngd barna hefur aukist mjög á undanförunum árum, en slíkt eykur líkur á félagslegri einangrun, að þau börn verði þolendur eineltis, auk þess sem það eykur líkur á alls kyns sjúkdómum og styttri líflíkur þeirra. Allir grunnskólar og leikskólar á þjónustusvæðinu fylgi viðurkenndum stöðlum Manneldisráðs eða Lýðheilsustöðvar um mataræði barna. Aðstoð næringarráðgjafa við gerð matseðla og fræðslu matráða veitt samkvæmt núgildandi stefnu og aðgerðaáætlun Norðurbings 2007-2010: „Allt hefur áhrif einkum við sjálf“. Samstarf verði milli félagsþjónustu, grunnskóla og heilbrigðisþjónustu um ferli, þar sem markvisst verði tekið á þeim tilfellum, þar sem börn eru of þung eða of feit samkvæmt BMI þyngdarstuðlinum með næringarráðgjöf, vigtunum, ráðgjöf um hreyfingu og fjölskyldumeðferðarviðtölum.

Talið er að 5-10% barna þjáist af athyglisbresti og ofvirkni (attention deficit hyperactivity disorder – ADHD) eða athyglisbersti án ofvirkni (attention deficit disorder - ADD). Þessi börn eru í meiri áhættu að þróa hegðunarerfiðleika en önnur börn, þar sem þau eru yfirleitt hvatvís (sérstaklega þau sem eru ofvirk). Nauðsynlegt er að auka fræðslu um athyglisbrest og ofvirkni meðal foreldra, kennara, öðru starfsfólki grunnskóla og jafnvel barnanna sjálfra og systkina þeirra. Formaður ADHD samtakanna var með kynningu í apríl 2007 á Húsavík sem er fyrsta skrefið í að kynna samtökin á þjónustusvæðinu. En kynningin var ætluð foreldrum og starfsfólki skóla. Þá aðstoðaði formaður samtakanna foreldra á þjónustusvæðinu í framhald af kynningunni, að stofna hóp foreldra barna með athyglisbrest. Stefnt er að því að aukin fræðsla verði um athyglisbrest og ofvirkni meðal starfsfólks skóla og verður fyrirlestur haldinn um efnið á þingdegi í ágúst 2008, en þá kemur saman allt starfsfólk grunnskóla og leikskóla á þjónustusvæðinu.

Börn með athyglisbrest með eða án ofvirkni þurfa mörg hver á lyfjum að halda, til þess að gera þeim kleyft að einbeita sér að námsefninu í skólanum. Einnig draga lyfin oft úr árekstrum við aðra nemendur, en skert félagsfærni er hluti af athyglisbresti með ofvirkni. Börn geta einnig þjáðst af annars konar geðsjúkdómum sem þau þurfa lyf við. Nauðsynlegt er að stuðla að því að fá barnageðlækni á þjónustusvæðið, en eins og er, er enginn barnageðlæknir á svæðinu. Félagsþjónusta Norðurbings mun hvetja til þess að ráðinn verði barnageðlæknir hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga í hlutastarf sem fyrst.

Foreldrafærnisþjálfun (PMT – parent management training) verði beitt markvisst á þjónustusvæðinu fyrir börn með mikla hegðunarerfiðleika og foreldra þeirra. Talið er að um 5-10% barna séu með mikla hegðunarerfiðleika. Mikilvægt er að grípa inn í þróunina, þar sem rannsóknir hafa sýnt að þau börn eru mun líklegri en önnur til að þróa með sér andfélagslega hegðun. Foreldrafærniþjálfun er forvörn og úrræði sem dregur verulega úr slíkri þróun meðal barna með mikil hegðunarvandkvæði. Best er að börnin séu á aldrinum 4-8 ára þegar úrræðinu er beitt og felst það í markvissri þjálfun foreldra og er áhersla m.a. á skýr fyrirmæli, hvatningu, að setja mörk, auk eftirlits með börnunum. Þegar hefur einn starfsmaður (sálfræðingur) hlotið þjálfun sem meðferðaraðili í að beita foreldrafærniþjálfun. Þjálfaður verði annar starfsmaður sem fyrst til að sinna öðrum á þjónustusvæðinu (t.d. á Þórshöfn).

Nokkur hluti barna verður fyrir kynferðislegu ofbeldi eins og sjá má á rannsóknunum og tilkynningum til barnaverndaryfirvalda. Hluti af forvörnum og fræðslu felst í vinna að því að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi. Slíkar forvarnir og fræðsla þurfa að ná til mögulegra gerenda og þolenda í framtíðinni. Best er að byrja á yngsta stiginu. Leikskólar verði hvattir til að fræða nemendur sína um líkama sinn, eðlilega snertingu og óeðlilega af hálfu leikskólakennara, t.d. með aðstoð bókarinnar: „Þetta er líkami minn“ eftir Lory Freeman.

### **Fræðsla**

Áætlað er að halda fyrirlestra um misbrest í aðbúnaði barna og áhættuhegðun þeirra. Helstu birtingarmyndir, tilkynningarskyldu og ferli mála á þjónustusvæðinu. Fyrirletrarnir eru ætlaðir starfsfólki grunnskóla, leikskóla og heilbrigðisstofnun Þingeyinga veturinn 2008-2009. Tilgangurinn með slíkum fyrirlestrum er að auka þekkingu starfsfólks á því hvað felist í misbresti í aðbúnaði barna og áhættuhegðun þeirra og hvernig best sé að standa að vinnu í slíkum málum þegar þau koma upp.

Skrifaðar verði reglulega greinar í tímarit á svæðinu um efni sem tengjast barnavernd. Fjallað verði í greinum um hvað felist í ábyrgð foreldra gagnvart börnum þeirra, t.d. varðandi aðbúnað barna og eftirlit með börnum t.d. á útihátíðum.

### **Vinnsla barnaverndarmála**

Almennt er gert ráð fyrir að unnið verði eftir Barnaverndarlögum nr. 80/2002. Auk þess verði reynt að vinna að tilteknum þáttum sem fram koma hér að neðan í barnaverndarferlinu.

Félagsþjónusta Norðurbings – Félagsmála- og barnaverndarnefnd Þingeyinga  
Samþykkt hjá Sveitarstjórn Norðurbings 16.09.2008.

- **Tilkynningar**

Þegar mál eru tilkynnt af hálfu grunnskóla og leikskóla er megin reglan sú að haldnir eru tilkynningarfundir í viðkomandi skóla eða leikskóla. Á fundinum eru viðstaddir foreldrar viðkomandi barns, barnaverndarstarfsmaður, skólastjóri/leikskólastjóri og umsjónarkennari/deildarstjóri. Metið er í hverju tilfalli fyrir sig hvort viðkomandi barn eigi að vera viðstatt á tilkynningarfundum.

- **Könnun máls**

Lögð verður áhersla á að taka viðtöl við öll börn mála sem ákveðið hefur verið að hefja könnun í, eftir því sem aldur og þroski leyfir. Í könnun mála verði ávalt tekin viðtöl við foreldra einnig og ávalt fengnar upplýsingar úr grunnskóla, leikskóla eða frá dagforeldri eftir því sem við á. Könnun nái til annarra aðila eftir eðli mála. Í könnun mála verði a) leitast við að afla upplýsinga um fjölskyldusögu viðkomandi aðila, b) afla upplýsinga um hvort viðkomandi atburður/mynstur sem tilkynnt hefur verið um hafi í raun átt sér stað (ofbeldi, vanræksla) og c) upplýsingum um áhættuþætti vanrækslu og ofbeldis verði aflað. Að lokinni könnun sé unnin greinargerð um niðurstöður könnunar þar sem mat sé lagt á þessa þrjá liði.

- **Áætlun**

Eftir að könnun er lokið í barnaverndarmáli og niðurstöður um könnun máls hafa verið unnar, sé ávalt gerð áætlun í máli viðkomandi fjölskyldu/barns ef þörf er á frekari íhlutun. Ávalt skuli taka mið af hagsmunum allra barna í fjölskyldunni í áætlunargerðinni og viðeigandi úrræðum sé beitt gagnvart öllum aðilum (ekki einungis gagnvart foreldri eða barni) eftir því sem við á.

- **Úrræði**

Félagsþjónusta Norðurbings hefur gert samning við tvö heimili á þjónustusvæðinu um að taka börn í neyðarvistun ef á þurfi að halda samkvæmt 84. grein Barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Regluleg viðtöl hjá félagsráðgjafa eða ráðgjafa verði í öllum málum sem áætlun er gerð í. Önnur úrræði verði ákveðin í hverju tilfalli fyrir sig eftir því sem við á.

Boðið er upp á viðtalsmeðferð fyrir börn, foreldra, þör og fjölskyldur eftir því sem á við. Viðtalsmeðferð fyrir yngri börn fari fram í formi leikmeðferðar (play therapy). Innrétta þarf sérstakt herbergi fyrir leikmeðferðina og er stefnt að því að húsnæði fyrir hana verði tilbúið til notkunar árið 2009. Einnig verði boðið upp á hópavinnu og einstaklingsviðtöl fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis í æsku annars vegar og

Félagsþjónusta Norðurlands – Félagsmála- og barnaverndarnefnd Þingeyinga  
Samþykkt hjá Sveitarstjórn Norðurlands 16.09.2008.

Þolendur makaofbeldis hins vegar, en oft og tíðum er um að ræða einstaklinga sem eiga börn og getur vinna með afleiðingar ofbeldis m.a. gert þá hæfari til að sinna foreldrahlutverki sínu.

Unnar verði ítarlegar úttektir á stuðningsaðilum í barnaverndarmálum, þ.e. þeim sem vinna í tilsjón, persónulegri ráðgjöf og sem stuðningsfjölskyldur. Þannig verði í úttekt fengin fjölskyldusaga viðkomandi, spurt um áfengis- og vímuefnanotkun, ofbeldi sem viðkomandi hefur orðið fyrir eða beitt o.s.frv. Einnig verði fengið leyfi hjá viðkomandi til að leita eftir sakavottorði og dagbókarfærslum lögreglu og hvort viðkomandi hefur verið tilkynntur til barnaverndaryfirvalda og hver niðurstaðan hefur verið að lokinni könnun.

MST er úrræði sem er að fara af stað af hálfu Barnaverndarstofu. Felst í því umfangsmikil meðferð í nærumhverfi unglinga sem annars þyrftu að öllum líkindum að vistast á meðferðarheimili. Gert er ráð fyrir 3-4 MST teyllum á höfuðborgarsvæðinu. Leitað verði eftir því að eitt slíkt teymi verði sett á laggirnar á norðurlandi sem sinni svæðinu t.d. frá Skagafirði og austur á Langanesbyggð.

## **Annað**

Fjöldi barnaverndarmála á starfsmann í 100% starfi verði helst ekki meira en 25 mál og alls ekki meira en 35 mál ef starfsmaður sér einungis um barnaverndarmál. Mál skuli að hámarki vera 30 fyrir utan önnur mál, s.s. fjárhagsaðstoð og félagslega ráðgjöf ef starfsmaður sinnir slíkum málum einnig. Þess má geta að samkvæmt handbók Barnaverndarstofu er mælt með því að barnaverndarstarfsmenn séu ekki með fleiri en 25-35 barnaverndarmál opin hverju sinni og hafi þá ekki fleiri mál á sinni könnu. Mikilvægt er að hafa þessi mörk viðunandi, þar sem eðli mála eru oft og tíðum nógu álagsskapandi í sjálfu sér fyrir barnaverndarstarfsmenn.

Mælt er til þess að aðilar verði ekki ráðnir í vinnu með börnum (s.s. grunnskóla- og leikskólakennarar eða annað starfsfólk skóla og leikskóla, leiðbeinendur á námskeiðum fyrir börn) fyrr en sakavottorð og dagbókarfærslur lögreglu hafa fengist um viðkomandi aðila. Einnig eru skólar, leikskólar og aðrir sem ráða fólk í vinnu með börnum t.d. dagforeldrar, hvattir til þess að leita eftir samþykki viðkomandi til að fá upplýsingar um hvort viðkomandi hafi verið tilkynntur til barnaverndaryfirvalda fyrir vanrækslu eða ofbeldi á hendur eigin barna eða annarra.

Úttekt verði gerð á helstu áhættuþáttum er varðar misbrest í aðbúnaði barna. Áhættuhegðun barna er í mörgum tilfellum afleiðing misbrests í aðbúnaði þeirra samkvæmt innlendum og erlendum rannsóknum.

Þannig verði kannaðir þættir eins og t.d. fjöldi fólks sem býr við lágar tekjur, menntunarstig og atvinnuleysi á þjónustusvæðinu. Leitað verði eftir upplýsingum m.a. hjá Skattstofu, Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnun á Akureyri. Unnið verði markvisst í að ná til fjölskyldna sem búa við erfiðar aðstæður og styrkja þær og styðja, með það að markmiði að draga úr líkum þess að börn í þeim fjölskyldum séu vanrækt eða beitt ofbeldi. Erlendrar rannsóknir sýna að börn í lágtekjufjölskyldum eru margfalt líklegri til þess að verða fyrir ofbeldi eða vanrækt heldur en börn sem eru í fjölskyldum með meðaltekjur.

### **Kostnaður**

Í áætlun þessari er fyrst og fremst leitast við að nýta þann mannauð og aðstæður sem þegar eru til staðar í samfélaginu. Þó er gert ráð fyrir aukakostnaði í tengslum við einstaka liði. Þessir liðir eru eftirfarandi:

- a) Forvarnir gegn ótímabærri þungun unglingsstúlkna. Kostnaður á að leigja dúkku fyrir skólana í forvarnarskyni er nokkur. Hjá ÓB ráðgjöf er t.d. hægt að leigja slíka dúkku og kostar vikan kr. 20.000.
- b) Forvarnir, foreldraskóli. Áætlað er að starfsfólk Félagsþjónustu Norðurbings taki að sér flesta fyrirlestra í foreldraskólanum en einstaka fyrirlestrar verði keyptir af öðrum aðilum. Gert er ráð fyrir að kostnaður við hvern slíkan fyrirlestur sé 30.000 kr. og greiði hver skóli fyrir sig fyrir þann kostnað.
- c) Forvarnir, skólagæsla. Í grunnskólum þar sem ekki er til staðar skólagæsla þyrfti að ráða starfsmann til að sinna slíkri gæslu (einn eða fleiri eftir fjölda nemenda). Kostnaður mundi fela í sér launakostnað vegna hálftrar stöðu starfsmanns/starfsmanna og hugsanlega húsnæðiskostnaði ef ekki er til staðar aðstaða í viðkomandi skólum. Gjöld sem foreldrar viðkomandi barna mundu greiða fyrir gæsluna mundi dragast frá launakostnaði og mögulegum húsnæðiskostnaði.
- d) Forvarnir, niðurgreiðsla af tómstundastarfi. Hér að neðan má sjá hver kostnaður er fyrir hvert sveitarfélag á ári af niðurgreiddu tómstundastarfi fyrir 6-17 ára börn að hámarki (ekki er gert ráð fyrir að yngri börn en 6 ára stundi tómstundastarf vegna takmarðs framboðs fyrir þann aldurshóp). Fjöldatölurnar hér að neðan eru fengnar frá Hagstofu Íslands og miðast við fjölda í aldurshópunum þann 03.04.2008:
  - a. Norðurbing, fjöldi barna 6-17 ára = 547, hámarkskostnaður 5470.000 kr.
  - b. Svalbarðshreppur, fjöldi barna 6-17 ára = 22, hámarkskostnaður 220.000 kr.
  - c. Aðaldælahreppur, fjöldi barna 6-17 ára = 46, hámarkskostnaður 460.000 kr.
  - d. Skútustaðahreppur, fjöldi barna 6-17 ára = 82, hámarkskostnaður 820.000 kr.
  - e. Langanesbyggð, fjöldi barna 6-17 ára = 85, hámarkskostnaður 850.000 kr.
  - f. Tjörneshreppur, fjöldi barna 6-17 ára = 6, hámarkskostnaður 60.000 kr.
  - g. Þingeyjarsveit, fjöldi barna 6-17 ára = 123, hámarkskostnaður 1.230.000 kr.

Félagsþjónusta Norðurljósa – Félagsmála- og barnaverndarnefnd Þingeyinga  
Samþykkt hjá Sveitarstjórn Norðurljósa 16.09.2008.

- e) Forvarnir, foreldrafærnisþjálfun (PMT). Gert er ráð fyrir 20-30% stöðuhlutfalli fagmanns hjá Langanesbyggð og launakostnaðar í sama hlutfalli.
- f) Vinnsla barnaverndarmála, úrræði, viðtalsmeðferð fyrir börn (play therapy). Innréttað verði herbergi í gjaldfrjálsum húsnæði (t.d. í húsnæði ætlað tólmundastarfi). Stofnkostnaður vegna húsgagna og sérútbúinna leikfanga áætlaður 200.000 kr. sem Félagsþjónusta Norðurljósa mundi standa straum af.
- g) Annað, fjöldi barnaverndarmála á starfsmann. Hámarksviðmið geta haft í för með sér að ráða þurfi viðbótarstarfsmann ef málum fjölga mikið, sem hefði tilheyrandi launa- og húsnæðiskostnað í för með sér.

Virðingarfyllt,

---

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (MSW, PhD)

Félagsmálastjóri



Félagsþjónusta Norðurþings – Félagsmála- og barnaverndarnefnd Þingeyinga  
Samþykkt hjá Sveitarstjórn Norðurþings 16.09.2008.

#### FYLGISKJAL

Um Félagsþjónustu Norðurþings, verkefni, starfssvæði og starfsfólk.

Félagsþjónusta Norðurþings þjónustar sveitarfélagið Norðurþing, Aðaldælahrepp, Skútustaðahrepp, Hálsahrepp, Svalbarðshrepp, Tjörneshrepp, Þingeyjarsveit og Langanesbyggð. Á þjónustusvæðinu búa um 5000 manns. Þjónustuskrifstofan er á Húsavík, en þjónustusvæðið nær austur til Bakkafjarðar, í Mývatnssveit og að Víkurskarði milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu.

Hjá Félagsþjónustu Norðurþings eru allir helstu málaflokkar unnir í tengslum við hefðbundna félagsþjónustu, s.s. barnavernd, félagslega ráðgjöf, félagslegt húsnæði, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimaþjónusta og forvarnir. Auk þess hefur Norðurþing gert þjónustusamning við Félagsmálaráðuneytið um að sinna þjónustu við fatlaða. Einnig sér Félagsþjónusta Norðurþings um einstaklingsmál er varða skólaþjónustu. Því er um víðtæka þjónustu að ræða á stóru landsvæði. Auk þess rekur Félagsþjónusta Norðurþings þrjú sambýli fyrir fatlaða, greindarskerta og fólk með geðræn vandkvæði. Einnig rekur Félagsþjónusta Norðurþings Geðræktarmiðstöðina Setrið en að henni standa ásamt Félagsþjónustu Norðurþings, Rauði Krossinn og Félagsmálaráðuneytið.

Starfsmenn Félagsþjónustu Norðurþings eru eftirtaldir; Arnfríður Kjartansdóttir sálfræðingur, Ágúst Óskarsson ráðgjafi, Erla Alfreðsdóttir iðjubjálfi, Fanney Hreinsdóttir deildarstjóri um félagslega heimaþjónustu, Freydís Jóna Freysteinsdóttir félagsmálastjóri, Ingibjörg Sigurðardóttir sálfræðingur, Sigríður Guðjónsdóttir, deildarstjóri um málefni fatlaðra, Sigurður Aðalgeirsson kennsluráðgjafi, Þórgímur Sigmundsson forvarnarfulltrúi, stuðningsaðili í barnavernamálum og Þórhildur Sigurðardóttir sérkennsluráðgjafi.

Þeir sem koma að vinnslu barnaverndarmála hjá Félagsþjónustunni í Norðurþingi eru Ágúst Óskarsson ráðgjafi, Freydís Jóna Freysteinsdóttir félagsmálastjóri, Arnfríður Kjartansdóttir sálfræðingur, Ingibjörg Sigurjónsdóttir sálfræðingur og Þórgímur Sigmundsson forvarnarfulltrúi og stuðningsfulltrúi. Auk þess kemur Sigríður Guðjónsdóttir að málum þeirra barna sem eru fötluð og sem af einhverjum ástæðum barnaverndarafskipti eru af. Einnig koma Þórhildur Sigurðardóttir sérkennsluráðgjafi og Sigurður Aðalgeirsson kennsluráðgjafi að málefnum barna ef samvinnsla við skóla er nauðsynleg. Ágúst sinnir vinnslu flestra barnaverndarmála sem unnin eru en Freydís sinnir vinnslu nokkurra barnaverndarmála á hverjum tíma. Sálfræðingarnir veita meðferðarviðtöl auk þess sem þeir bjóða upp á foreldrafærnisþjálfun (PMT) og fjölskylduráðgjöf ef þurfa þykir. Þórgímur hefur sinnt persónulegri ráðgjöf og tilsjón í barnaverndarmálum auk fleiri aðila.

Barnaverndarnefndin samanstendur frá fólkum af öllu þjónustusvæðinu en ekki bara úr Norðurþingi og ber nafnið Félagsmála- og barnaverndarnefnd Þingeyinga. Í nefndinni sitja:

Félagsþjónusta Norðurþings – Félagsmála- og barnaverndarnefnd Þingeyinga  
Samþykkt hjá Sveitarstjórn Norðurþings 16.09.2008.

#### Aðalmenn

Rannveig Benediktsdóttir, þroskajálfi	Norðurþingi
Bryndís Alda Jónsdóttir, umsjón með félagsstarfi aldraðra	Norðurþingi
Dagbjört Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur	Skútustaðahreppi
Steinn Karlsson, verkstjóri hjá Langanesbyggð	Langanesbyggð
Sveinn Egilsson, bóndi	Tjörneshreppi

#### Varamenn

Jón Þórir Jónsson, umsjón með orlofsbyggðar á Illugastöðum	Þingeyjarsveit
Birna Björnsdóttir, kennari	Norðurþingi
Guðrún Bjarnadóttir, ljósmóðir Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Svalbarðshreppi

Nefndin er kjörin af Héraðsnefnd Þingeyinga,

Aðildarsveitarfélög :

Norðurþing	Langanesbyggð
Svalbarðshreppur	Tjörneshreppur
Aðaldælahreppur	Þingeyjarsveit
Skútustaðahreppur	

#### Undirbúningur stefnumótunar

Þann 16. nóvember árið 2007 var sent bréf til helstu aðila sem vinna með börnum í starfi sínu að einhverju leyti í viðkomandi sveitarfélögum. Bréfið var þannig sent til allra grunnskóla á þjónustusvæðinu, allra leikskóla, félagsmiðstöðva, heilsugæslu, lögreglu og sveitastjóra. Í bréfinu kemur fram ósk um að þessir tilteknu aðilar fundi reglulega um málefnið, þ.e. stefnumótun í barnavernd og sendi tillögur fyrir 20. janúar, 2008 (sjá fylgiskjal). Einnig var sent afrit af bréfi frá Barnaverndarstofu dagsett 14. september, þar sem farið er fram á að sveitarfélög marki sér stefnu og framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum fyrir hvert kjörtímabil (sjá fylgiskjal). Einungis eitt svar barst en það var frá Íþrótt- og tómstundarnefnd Langanesbyggðar. Stefnumótunin var því unnin að mestu leyti af starfsfólki Félagsþjónustu Norðurþings.